

# *Siðareglur Kviku eignastýringar hf.*

*Samþykkt í september 2020  
Ábyrgðaraðili: Stjórn*

## **1. Tilgangur**

- 1.1. Reglum þessum er ætlað að gera grein fyrir þeim siðferðislegu gildum sem stuðst er við í daglegum störfum Kviku eignastýringar hf. (*hér eftir „Kvika eignastýring“ eða „félagið“*). Þær eru grunnviðmið góðra viðskiptahátta og ber starfsmönnum að hafa þær að leiðarljósi í samskiptum sínum við viðskiptavinum og aðra aðila í tengslum við störf sín fyrir hönd félagsins.
- 1.2. Reglunum er ætlað að tryggja öryggi og hagsmuni viðskiptavina Kviku eignastýringar og annarra sem eiga hagsmuna að gæta í samskiptum sínum við og í störfum sínum fyrir félagið. Reglunum er jafnframt ætlað að draga úr áhættu, einkum rekstrar- og orðsporsáhættu, sem getur haft skaðleg áhrif á félagið.
- 1.3. Starfsmönnum ber skylda til að kynna sér reglurnar og fara eftir þeim í sínum störfum.
- 1.4. Við setningu reglna þessara var tekið mið af viðmiðunarreglum EBA um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja nr. 11/2017.

## **2. Gildissvið**

Reglurnar gilda um starfsmenn Kviku eignastýringar, stjórnendur og alla þá sem taka að sér verk fyrir hönd og í þágu félagsins.

## **3. Trúnaður**

- 3.1. Starfsmönnum Kviku eignastýringar ber ávallt að gæta fyllsta trúnaðar í störfum sínum og við meðhöndlun upplýsinga. Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um hagi viðskiptavina sinna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara.
- 3.2. Starfsmönnum Kviku eignastýringar ber að eiga heiðarleg samskipti við viðskiptavinum og aðra hagsmunaaðila. Starfsmenn skulu ekki nýta sér upplýsingar sem þeir kunna að fá í starfi í eigin þágu eða í þágu tengdra aðila.

## **4. Hagsmunaaðrekstrar**

- 4.1. Innan Kviku eignastýringar eru gerðar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir þá hagsmunaaðrekstra sem upp geta komið í starfsemi félagsins. Gætt er að aðskilnaði starfssviða til að koma í veg fyrir hagsmunaaðrekstra og stýra upplýsingastreymi sem þar fer á milli.
- 4.2. Starfsmenn skulu upplýsa regluvörð án tafar um þau atriði sem áhrif geta haft á hlutleysi eða sjálfstæði þeirra í störfum. Komi upp hagsmunaaðrekstrar er leyst úr þeim í samræmi við innri reglur félagsins um ráðstafanir gegn hagsmunaaðrekstrum.

## **5. Fagleg þjónusta**

- 5.1. Gildi Kviku eignastýringar er langtímahugsun og er stefna félagsins að hafa jákvæð langtímaáhrif á samfélagið. Þegar teknar eru ákvarðanir ber starfsmönnum félagsins þar af leiðandi að taka tillit til þess hvaða áhrif ákvarðanir hafa til lengri tíma litið, hvort sem um er að ræða innri málefni félagsins eða málefni viðskiptavina þess.

- 5.2 Starfsmönnum Kviku eignastýringar ber að tileinka sér samviskusöm vinnubrögð og veita viðskiptavinum félagsins faglega þjónustu í samræmi við lög, reglur, eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og gildi félagsins.
- 5.3 Til viðbótar gr. 5.2 skulu starfsmenn almennt vera hreinskilnir og heiðarlegir í störfum sínum og sinna skyldum sínum af viðeigandi háttsemi.
- 5.4 Innri reglur Kviku eignastýringar eru reglulega uppfærðar og eftirlit haft með að þær séu í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma.

## **6. *Upplýsingar til viðskiptavina***

- 6.1. Starfsmenn Kviku eignastýringar skulu ávallt veita viðskiptavinum áreiðanlegar og skýrar upplýsingar.
- 6.2. Kvika eignastýring miðlar ekki ósönnum eða villandi upplýsingum til viðskiptavina, annarra hagsmunaaðila eða almennings.

## **7. *Ábyrgð***

- 7.1. Viðskiptaæiningar og sjóðir í rekstri Kviku eignastýringar bera hver um sig ábyrgð á áhættustýringu í daglegri starfsemi viðkomandi einingar í samræmi við þær stefnur, verklag og eftirlit sem um hverja einingu gilda og skulu starfa í samræmi við áhættuvilja, áhættustefnu og langtímamarkmið félagsins og sjóðs eftir því sem við á.
- 7.2. Framkvæmdastjóri og aðrir stjórnendur skulu gera undirmönnum sínum grein fyrir þeim stefnum og verklagi sem viðkomandi eining og sjóður starfar eftir og skulu sjá til þess að starfsmenn geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir, til hvers sé ætlast af þeim og hvernig brugðist verði við ef starfsmenn fara út fyrir heimildir sínar og sýna annars af sér háttsemi sem er ekki í samræmi við reglur þessar.
- 7.3. Starfsmenn skulu ávallt geta ráðfært sig við næsta yfirmann varðandi hvers konar fyrirspurnir um starfslýsingu og þá ábyrgð sem viðkomandi starfi fylgir.
- 7.4. Framkvæmdastjóri og eftir atvikum aðrir stjórnendur hvernar viðskiptaæiningar skulu án tafar gera starfsmanni viðvart ef útlit er fyrir að starfsmaður sé ekki að sinna starfi sínu með þeim hætti sem ætlast er til af honum og veita viðeigandi leiðbeiningar um starfslýsingu og ábyrgð.
- 7.5. Starfsmaður skal gera regluverði viðvart ef hann verður var við að ekki sé farið eftir ákvæðum þessarar gr. 7.

## **8. *Eftirfylgni, birting o.fl.***

- 8.1. Komi upp siðferðileg álitæfni í starfsemi Kviku eignastýringar skulu starfsmenn ráðfæra sig við regluvörð um úrlausn þeirra. Regluvörður skal skrá álitæfni sem upp koma og gera stjórn grein fyrir úrlausn þeirra.
- 8.2. Regluvörður og innri endurskoðandi hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt. Reglurnar skulu kynntar fyrir öllum nýjum starfsmönnum. Regluvörður skal jafnframt þegar tilefni er til og a.m.k. árlega sjá til þess að starfsmenn séu áminntir um tilvist reglnanna og efni þeirra.
- 8.3. Reglurnar skulu birtar á heimasíðu Kviku eignastýringar, [www.kvikaegnistyring.is](http://www.kvikaegnistyring.is).

## **9. Viðurlög og fjárhagslegar afleiðingar**

- 9.1. Gerist starfsmaður brotlegur við reglur þessar eða sýnir að öðru leyti af sér óásættanlega hegðun að mati stjórnar Kviku eignastýringar geta afleiðingarnar verið áminning eða, eftir atvikum og í samræmi við alvarleika brots eða ítrekuð brot, fyrirvaralaus brottrekstur úr starfi.
- 9.2. Starfsmenn skulu vera meðvitaðir um og gera sér grein fyrir afleiðingum þess fyrir Kviku eignastýringu ef starfsmaður verður uppvís að broti á þeim lögum og reglum sem um félagið gilda, innri reglum félagsins eða siðareglum þessum eða sýnir að öðru leyti af sér óásættanlega hegðun. Afleiðingarnar geta m.a. verið rekstrar- og/eða orðsporstjón fyrir Kviku eignastýringu sem getur leitt af sér fjárhagslegt tjón í formi málskostnaðar, sekta, missis viðskiptasambanda o.fl.

## **10. Breytingar**

Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn Kviku eignastýringar hefur samþykkt þær. Allar breytingar á reglum þessum skulu kynntar fyrir starfsmönnum félagsins um leið og þær hafa tekið gildi.

Þannig samþykkt af stjórn Kviku eignastýringar hf. þann 4. september 2020